



Sveitarfélagið  
**ÁRBORG**

## Frítt í strætó fyrir grunnskólabörn í Árborg

Bæjarráð Árborgar samþykkti hinn 10. maí 2013 að grunnskólabörn í Árborg fengju frítt í strætó hvað varðar ferðir innan Sveitarfélagsins Árborgar.

Forráðamenn grunnskólabarna í Árborg sem óska eftir að fá strætókort fyrir börn sín sem gildir vegna ferða innan Árborgar hringja í eða senda tölvupóst á þjónustuver Árborgar og fá strætókort sent heim með gildistíma út skólaárið.